



Kjaramál

Launafólk stendur frammi fyrir gríðarlegri dýrtíð. Verðbólga mælist 6,2% um þessar mundir og er enn útlit fyrir að alþjóðleg verðþróun, hrávöruverðshækkunar og aukinn húsnæðiskostnaður þrýsti á enn frekari verðhækkunar. Fákeppni á lykilmörkuðum leiðir til þess að þessi þróun leiðir beint til verðhækkana til almennings. Þessi þróun kemur verst niður á þeim tekjulægstu, öryrkjum og öldruðum.

Með lífsskjarasamningum tókst að beina launahækkunum þangað sem þörfin var mest og hagvaxtarauki mun tryggja launafólki hlutdeild í efnahagsábatum. Ófremdarástand á húsnæðismarkaði og miklar verðhækkunar hafa orðið til þess að ómögulegt er að lifa á lágmarkslaunum. Atvinnurekendur sem sömdu um krónutölur hafa margir kosið að fylgja ekki viðmiðum lífsskjarasamningsins um krónutöluhækkunar.

Á þar við um efsta lag samfélagsins sem býr í öðru umhverfi ofurlauna og bónusa og hefur fengið launahækkunar langt umfram almenna kjarasamninga. Styttning vinnuvikunnar hefur einnig verið ójafnt skipt. Verkaþólk á almenna vinnumarkaðinum hefur ekki séð styttingu vinnuvikunnar og útfærsla á opinbera markaðinum hefur verið ólík eftir stöðu og stétt.

Kjör launafólks ráðast ekki síður af öflugri velferð, heilbrigðiskerfi og innviðum um land allt. Öllum ber að standa undir þeirri velferð. Þar þarf að endurskoða skattkerfið þannig að tekjur af fjármagni og auð séu skattlagðar á sama hátt og laun og að gjald af nýtingu auðlinda taki mið af þeirri rentu sem til verður.

Álitaefni

- Hvernig er hægt að bæta kjör félagsmanna eftir efnahagssamdrátt og við alþjóðlegan óstöðugleika í efnahagsmálum?
- Hver er ábati krónutölusamninga?
- Er sátt meðal annarra um þau viðmið sem sett eru í krónutölusamningum?
- Vinnur núverandi taxtalaunaumhverfi á móti okkar fólki?
- Hvað þarf til að lifa á launum verkaþólks?
- Er hagvaxtarauki kominn til að vera í samningum?
- Hvernig má stytta vinnuviku á almenna markaðinum ?
- Skattkerfisbreytingar sem gerðar voru í tengslum við lífsskjarasamninga skiluðu mestum ábata til hinna tekjulægstu.
- hefur barnabótakerfið gengið sér til húðar með of lágum tekjuviðmiðum?
- Tryggja að persónuafsláttur fylgi launaþróun. Skattkerfisbreyting frá síðustu áramót tryggja það ekki að fullu.
- Væri rétt að taka sértæka skattaívilnun til láglaunafólks og þá með hvaða hætti?
- Tryggja að auðlindarenta af sameiginlegum náttúruauðlindum renni til þjóðarinnar í formi auðlindagjalds.

- Tryggja að þeir tekjuhæstu greiði ekki hlutfallslega minna í skatt en aðrir. Vegna þess að skattur á fjármagnstekjur er lægri en skattur á laun greiða þeir tekjuhæstu almennt lægra hlutfall af tekjum í skatt.
- Grunnbætur atvinnuleysistrygginga verði 95% af tekjutryggingu framvegis en ekki 85% eins og er í dag.
- Tekjutenging taki gildi frá fyrsta degi atvinnuleysis og gildi í 6 mánuði. Verkalýðshreyfingin leggst gegn frekari styttingu bótatímabilsins.